

**Minnisblað vegna liðar nr. 8 á 287. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps**

Undanfarna mánuði hefur verið rætt um að taka upp deiliskipulagið í Heiðargerði og sameina nýtt svæði sem hefur verið í vinnslu vegna skipulags og núverandi svæði undir eitt og sama deiliskipulagið.

Sveitarstjóri leggur til við sveitarstjórn að hafin verði vinna við gerð deiliskipulags fyrir svæðið í heild sinni og að eftirfarandi ferli fari af stað:

1. Ljúka kortlagningu á sprungusvæði á nýju svæði (L166239). Skoðað verði hvort grundvöllur sé til samstarfs við landeigendur í kring um vinnslu sprungukorts sem tekur á stærra svæði.
2. Farið af stað við gerð nýs deiliskipulags sem tekur á svæðinu í heild sinni, eldra skipulag fyrir Heiðargerði 1-8 fellur úr gildi. Nýtt deiliskipulag nái yfir iðnaðar- og athafnasvæði skv. aðalskipulagi.
3. Útbúin ný lóðarblöð á grundvelli nýs deiliskipulags.
4. Útbúnir nýir lóðaleigusamningar á þá sem eru með gilda samninga í dag ef breytingar verða á lóðum.
5. Lóðum úthlutað.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri